

Prestsekkju	Valgerði Einarsdóttur (frá Grimsey) . . .	8 rd.	1871.
—	Guðríði Helgadóttur (frá Svalbarði) . . .	12 -	25. maí.
—	Sigríði Jónsdóttur (frá Skinnastöðum) . . .	10 -	
—	Guðlögu Guttormsdóttur (frá Skeggjastöðum) . . .	10 -	
—	Kristínu Gunnarsdóttur (frá Desjarmýri) . . .	7 -	
—	Þorbjörgu Jónsdóttur (frá Kolfreyjustað) . . .	18 -	
—	Margrætu Magnúsdóttur (frá Skorastað) . . .	10 -	
—	Guðrúnu Þorvaldsdóttur (frá Reynivöllum) . . .	5 -	
—	Íngveldi Jónsdóttur (frá Hofteigi)	10 -	
—	Valgerði Bjarnadóttur (frá Kirkjubæjar klaustri) . . .	10 -	
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur (frá Eyvindarhólum) . . .	20 -	
—	Guðnyju Jónsdóttur (frá Kálfholti)	15 -	
—	Solveigu Markúsdóttur (frá Stokkseyri)	10 -	
—	Kristínu Eiríksdóttur (úr Efriholta þingum)	12 -	
—	Margrætu Narfadóttur (frá Glæsibæ)	40 -	
—	Guðrúnu Jónsdóttur (frá Mosfelli)	15 -	
—	Þórunni Ásgrímsdóttur (frá Helgafelli)	10 -	
—	Kristjönu Einarsen (frá Stafholti)	10 -	
—	Kristínu Jónsdóttur (frá Þykkvabæjar klaustri)	10 -	
—	Helgu Pálsdóttur (frá Reynivöllum)	10 -	
—	Elínu Ó. Scheving (frá Vogsósum)	10 -	

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlí 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um kostnað við kennslu ómála barna.

25. maí.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 12. þ. m. allra-

1871.

25. maí.

mildilegast að fallast á, að greiða megi kostnaðinn við kennslu heyrnar og mállausra barna frá Íslandi úr hlutaðeiganda jafnaðarsjóði, ef hvorki þau sjálf né þeir, sem að þeim standa, hafa efni til þess.

Þetta gefst yður (herra stiptamtmaður; herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar.

27. maí.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lausn frá nafnbótum.

Með þessu bræfi gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, að dómsmálastjórnin hefir 24. þ. m. sent hans hátígn konunginum þegnlega skýrslu um það, að fyrrum stjórnardeildarsekreteri í utanríkisstjórninni, Dr. phil. Grímur Thomsen, og fyrrum vísi-jústízsekreteri í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti, Ólafur M. Stephensen, hafi sagt af sér nafnbótum, sem þeim hafa verið veittar, hinn fyrri nafnbótinni sem legationsráð, og hinn síðari jústízáráðsnafnbót, og fellur skylda þeirra til þess að greiða nafnbótarskatt burtu frá 1. þ. m., samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870, 3. gr.

10. júní.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um nýja útgáfu af kennslubók Levys í yfirsetufræði.

Með bræfi, dagsettu 18. janúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi mælt til, að vesturamtíð ásamt með hinum ömtunum taki þátt í því, að greiða úr jafnaðarsjóði amtsins kostnaðinn við að gefa út nýja útleggingu á Íslensku eptir héraðslækni Jónas Jónassen, á kennslubók